

Afstöðumynd 1:500

Samantekt á brunavörnum húsanna

Almennt
Um er að ræða iðnarhúsnæði á einni hæð að grunnfleti um 2.000 m² við Óseyrarbraut 29. Um er að ræða nýja byggingu á lóðinni með sama rekstraraðila. Í byggingunni verða skrokkar trefjaplastbáta í smíðum auk annarra smærri hluta, verkstæða sem taka á móti bátum í viðgerð, geymsla fyrir polyester auk tengdra rýma skrifstofu salerna.
Áætlað er að mesta brunaálag sem geti verið í húsinu öllu samtímis sé 370 MJ/m² á gólfflöt en þar af er þó um helmingur af brunaálaginu í geymslu sem er í sjálfstæðu brunahólfi og því má segja að brunaálag í verksmiðju og verkstæðum sé mest um 185 MJ/m².

Brunaþol burðarvirkis
Aðalburðarvirki byggingarinnar eru stálsúlur sem bera uppi stálbita sem halda uppi þakinu. Allt stál verður óvarið nema í minni rýmum þar sem gera má ráð fyrir staðbundnu brunaálagi sem ógnað getur burðarvirkinu. Súlur sem eru sérstaklega brunavarðar eru merktar inná aðaluppdráttinn með R60 brunamerkingu, þ.e. skulu standast 60 mínútna brunamótstöðu.

Brunahólf
Húsinu verður skipt í þrjú brunahólf, þ.e. verksmiðja verður sjálfstætt brunahólf, geymsla fyrir pólyester verður jafnframt í sjálfstæðu brunahólfi auk þess sem verkstæði 1, 2 og skrifstofur verða í einu sameiginlegu brunahólfi. Veggir á milli brunahólfa verða EI60 og hurðir EI_2 30-C_{sm} hurðum. Þar sem geislunarhætta milli brunahólfa telst lítil er ásættanlegt að gler á milli brunahólfa sé E30. Skipting hússins í brunahólf er jafnframt sýnd á aðaluppdráttum.

Flóttaleiðir
Tryggt verður að frá öllum stöðum í byggingunni verða tvær óháðar flóttaleiðir. Göngulengdir í næsta útgang mega samkvæmt töflu 9.04 í byggingarreglugerð 112/2012 vera allt að 45 m í húsinu.
Flóttaleiðir eru að öllu leyti í samræmi við kafla 9.5 í byggingarreglugerð og leiðbeiningablöð Mannvirkjastofnunar. Hurðir í flóttaleiðum skal vera hægt að opna án þess að nota þurfi lykil eða önnur verkfæri. Settar verða upp yfirlitsmyndir sem sýna flóttaleiðir ásamt helstu viðbrögðum vegna eldsvoða á völdum stöðum í byggingunum.

Klæðningar
Útveggir hússins verða klæddir með PIR samlokueiningum sem uppfylla flokk B-s1,d0. Allar klæðningar innanhúss lofta og veggja verða jafnframt í flokki B-s1,d0. Innveggir verðar gerðir úr steinullarsamlokueiningum.
Sambrunahætta á milli bygginga telst ekki vera til staðar þar sem skv. samþykktu deiliskipulagi eru 20 m í næsta byggingarreit á næstu lóð. *Innan lóðar eru jafnframt 18,3 m. Vegna fjarlægðar í næstu byggingar* telst því ásættanlegt að útveggir hússins hafi enga sérstaka skilgreinda brunamótstöðu.

Brunaviðvörunarkerfi
Í byggingunni verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið verður viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunnar og ÍST EN 54. Stjórnstöð verður tengt við núverandi kerfi sem staðsett er í eldri byggingu á lóðinni í matshluta 1. Undirstöð verður jafnframt í móttöku/skrifstofu þessa húss, þ.e. matshluta 2. Við stjórnstöðina og undirstöðina skal setja upp yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal vera þjónustað af aðila viðurkenndum af Mannvirkjastofnun.
Reiknað er með að brunaskynjun í stórum sölum byggingarinnar verði með línuskynjurum en í minni rýmum með hefðbundnum brunaskynjurum. Við alla útganga skal jafnframt setja handboða. Brunaboðun skal vera með hefðbundum brunabjöllum og blikkljósum í þeim rýmum þar sem búast má við miklum hávaða.

Neyðarlýsing og ÚT-ljós
Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og út-ljós verða í byggingunni í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar 160.BR3, og ISO 16069.

Slökkvitæki og slöngukefli
Í byggingunni verða brunaslöngur eins og aðaluppdráttur sýnir. Handslökkvitæki verða sett við hvert slöngukefli og á öðrum stöðum í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Slöngukefli munu uppfylla ÍST EN 671-1 og gr. 9.4.5 í byggingarreglugerð. Handslökkvitæki munu vera skv. leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3.

Reyklosun
Reyklosun er ákvörðuð skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar 9.4.8 en skv. þeim skal reyklosun fyrir byggingu með lítið brunaálag (minna en 400 MJ/m²) vera a.m.k. 5% af gólfflatarmáli. Sett verður auðbrennanlegt plast í mæni hússins sem samanlagt er um 10% af gólfflatarmáli. Þakeiningar fyrir reyklosun (ofanljós) skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar, þ.e. t.d.: a)Þakplata sem uppfyllir danskar reglur MK6.00/003 Tagelementer med kort kollapstid þar sem prófanir eru samkvæmt DS 1051.1 og ISO 5667. b)Þakeining (lyspanel) búin til úr óhertu PVC með eigingþynd upp að 10 kg/m2. c)Þakeining (lyspanel) búin til úr óhertu PC (Polycarbonat) með eiginþyngd upp að 6 kg/m².

Loftræsikerfi
Vélræn loftræsing verður að húsinu. Loftræsingin verður hönnuð þannig að hún rýri ekki brunahólfun né stuðli að eld- og reykútbreiðslu á milli brunahólfa. Nánari upplýsingar um loftræsingu er á sérteikningum lagnahönnuðar.

Brunaþéttingar
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun til fyrirhugaðrar notkunar.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs að lóðinni er frá Óseyrarbraut.

Eigið eldvarnareftirlit og viðbragðsáætlun
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994.

Samþykkt þann
14 NOV 2017
Byggingarfulltrúinn í Hafnarf...
F.h. Sigurður Steinar Jón...

Teikning	ID	Verkefni	Breyting
A0-01 Bygg. Afstöðumynd,Teikningskra			
		Afstöðumynd	01
		Teikningskra	01
A0-02 3D, Skráningartafla, Orkurammi			
		Skráningartafla	01
		Orkurammi	
AV-01 Grunnmynd			
	-1.	Grunnmynd	01
AV-02 Grunnmynd 1.hæð			
	D-02	Skrifstofa	01
	D-01	Salerni	01
	0.	Grunnmynd 1.hæð	01
AV-03 Grunnmynd Þak			
	3.	Grunnmynd Þak	01
AV-04 Snið S-01, S-02, S-03 og S-04			
	S-02	Snið	01
	S-04	Snið	01
	S-03	Snið	01
	S-01	Snið	01
AV-05 Snið S-04 og S-05			
	S-05	Snið	01
	S-06	Snið	01
AV-06 Útlit norður og austur			
	E-01	Útlit norður	01
	E-02	Útlit austur	01
AV-07 Útlit suður og vestur			
	E-04	Útlit vestur	01
	E-03	Útlit suður	01
AD-01 Sérhlutar D-03,. D-06			
	D-04	Frágangur við vegg	01
	D-03	Frágangur horn	01
	D-06	Frágangur við gönguhurð	
	D-05	Frágangur við iðnaðarhurð	
AD-02 Sérhlutar D-07,. D-08			
	D-07	Frágangur við botnplötu	01
	D-08	Frágangur við þak	01
AS-01 Töflur			
	SCH-01	Hurðir	01
	SCH-02	Gluggar	01
	SCH-03	Veggir	01
	SCH-04	Þak	01

Teikningskra

MANNVIT hf.
Kt. 430572-0169
Brunavarnir yfirfarnar

03.10.2017
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

Breyting	Dags.	Lýsing	Teiknað

Fyrirtæki
Suðulist ehf.
Lónsbraut 2 IS-220 Hafnarfjörður Ísland

Verkefni
Óseyrarbraut 29, Mhl.02
Óseyrarbraut 29, 220 Hafnarfjörður, Ísland

Nafn teikningar
Bygg. Afstöðumynd,Teikningskra

Teiknað
CA

Aðalhönnuður
Sigurbjartur Halldórsson, kt.:230656-3479
27.09.2017
Byggingatæknifræðingur, Laxakvísl 35, 110 Reykjavík
Sími: 7752233, Netfang: Sigurbjartur.Halldorsson@reykjavik.is

Mælikvarði	Teikning nr.	Stærð	Breyting
1:500	A0-01	A1	01

Óseyrarbraut 29B

Almenn lýsing:
Byggingin er byggð upp með stálgrind og klædd stálklæddum samlokueiningum. Byggingin skiptist niður í bátaframleiðslu í aðalsal, verkstæði, geymsla, salerni, skrifstofa og kaffistofu. Gert er ráð fyrir allt að 20 starfsmönnum í húsinu.
Í húsinu eru framleiddir trefjaplastbátar, samhliða viðhald trefjaplastbáta.

Sökklar og botnplata:
Sökklar og botnplata eru steinsteypt. Ekki er einangrað undir botnplötu, U-gildi er u.þ.b. 0,70 W/m2°K.

Burðarvirki húss:
Burðarvirki hús er stálgrind og ásamt langböndum í útveggjum og þaki.

Útveggir og þök:
Útveggir eru klæddir með stálklæddum samlokueiningum, 80mm samloka spjaldið með PIR einangrun, U-gildi fyrir veggi er 0,28 W/m2°K.
Þakfletir eru klæddir með stálklæddum samlokueiningum, 100mm samloka spjaldið með PIR einangrun, U-gildi fyrir þak er 0,23W/m2°K.
Allar einingar eru settar saman með þéttilistum, skrúfaðar á vegg- og þakfleti með þéttingum. Einingarnar skulu vera viðurkenndar og vottaðar af Brunamálastofnun til notkunar í iðnaðarhúsnæði sbr. leiðbeiningarblað 135.10BR1.
Í þakl eru reykræstigluggar, 3 x gluggar, sem eru 2700x25000mm að stærð.
Stærð reykræstiglugga er 203m2 samtals í þaki, sem er 10% af botnfleti hússins.

Útihurðir:
Gönguhurðir eru úr málmi.
Akstursdurðir eru járnklæddar samlokuhurðir, bæði hand- og rafdrifnar.

Milligólf:
Engin gólf.

Stigar:
Engin stig.

Hitalagnir:
Í botnplötu er gólfhitalögn og ásamt hitablásurum í verksmiðjusal. Í skrifstofurými og kaffistofu er ofnakerfi.

Neysluvatnslagnir:
Neysluvatnslagnir eru rör í rör og álpex lagnir.

Loftræsting:
Vélræn loftræsting er frá lokuðum rýmum samkvæmt ákvæðum byggingareglugerðar.
Vélræn útloftun er frá sög og trefjaúðun, sem skulu uppfylla kröfum gildandi reglugerðar og staðla.
Loftræsting frá vinnusvæðum er ekki sýnd. Sérstakur búnaður verður settur upp er uppfyllir öll vinnuverndarákvæði.
Búnaður á að tryggja að ryk frá starfseminni berist ekki út í umhverfið og að útblástur valdi ekki ónæði utan lóðarmarka.

Sorp:
Sorpgámar eru við suðvestur enda hússins.

Bílastæði:
Á lóðinni eru alls 62 bílastæði.

Stærð byggingar:
Fermetrar: 2.000,0m2
Rúmmetrar: 26.863,0m3

Lóðarstærð: 13.213,7m2
Nýtingarhlutfall: 0,418
Á lóðinni er engin gróður.

Akstursbrautir og bílastæði er malbikað.

Athugasemd:
Sótt var um 2 metra hækkun á byggingu að Óseyrarbraut 29.Mhl 2.
Til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar Þann 28.08.2017.
Jákvæt var tekið í erindið þann. 06.09.2017.